

Þjónandi forysta - Servant leadership



Morgunfundar þriðjudaginn 7. október kl. 8:30 til 10:00

í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 6, 6. hæð.

Fundargerð

Efni fundarins: Þjónandi forysta í íslensku atvinnulífi

Fundarstjóri: Hörður Vilberg, Samtökum atvinnulífsins

Alls eru um 35 á fundinum, t.d. frá heilbrigðisþjónustu, kirkju, framleiðslufyrirtækjum, fjármálafyrirtækjum, bönkum og háskólum.

1. Hugmyndir þátttakenda á ráðstefnunni í Skálholti.

Sigrún Gunnarsdóttir, HÍ, fer yfir umræðuna á ráðstefnunni, rifjar upp efni fyrirlesaranna og dregur fram helstu atriðin í niðurstöðum umræðuhópa um mikilvægi og gagnsemi þjónandi forystu þar sem fram kom mikill áhugi á að halda áfram að vinna að kynningu og innleiðingu þjónandi forystu í íslensku atvinnulífi.

2. Hentar þjónandi forysta íslensku atvinnulífi?

Gunnbjörg Óladóttir hjá Brim hf lýsir sjónarhorni úr viðskiptalífinu og segir frá starfsemi Brims sem er sjávarútvegsfyrirtæki með starfsemi víða á landinu. Gunnbjörg segir frá skipulagi og stjórn fyrirtækisins og lýsir mörgum þáttum sem undirstrika að aðferðir þjónandi forystu eru þar í fyrirrúmi. Einkum tekur hún fram að eldmóður og einlægur áhugi stjórnenda á málefni fyrirtækisins sé mikilvægur grunnur ánægju starfsfólks og árangri fyrirtækisins.

Séra Skúli Ólafsson, Keflavíkurkirkju lýsir sjónarhorni úr kirkjustarfi og segir frá verkefnum sínum þegar hann hóf störf í Keflavík við erfiðar aðstæður. Hann lýsir samstarfi við starfsfólk og leikmenn og hvernig tókst að leiða starfsemina á góða braut. Hann lýsir jafnframt sameiginlegu verkefni þeirra um eflingu leiðtogafærni hópsins og segir frá góðum árangri þess starfs.

3. Leiðir til að efla þjónandi forystu á Íslandi. Hugmyndir og tillögur fundarfólks.

Hörður og Sigrún leiða samtál fundarfólks um eiðir til að efla þjónandi forystu á vinnustöðum. Fundarfólk lýsti ánægju sinni með ráðstefnuna og fundinn í dag. Fram kom í máli Vilhjálmssonar framkvæmdastjóra SA að þjónandi forysta væri mikilvægt innlegg í uppbyggingu samfélagsins nú. Fundarfólk tekur fram að leshópar væru ákjósanleg leið nú á næstunni og lýsa vilja sínum að leiða og hýsa slíka hópa. Jafnframt kom fram áhugi á að hittast aftur, t.d. í framhaldi af starfi leshópanna.

4. Heimasíðan

Kynnt ný heimasíða: www.thjonandiforysta.is og www.servantleadership.is. Lagt til að nota heimasíðuna fyrir upplýsingar t.d. í sambandi við starf leshópanna.

Fleira ekki gert
/ SG